



Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi

Október 2025



HÍ

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Rúnar Vilhjálmsson, prófessor og ÖBÍ réttindasamtök
Markmið	Afla upplýsinga um efnahagslegar aðstæður Íslendinga, útgjöld og aðgengi að heilbrigðisþjónustu

Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, október 2025
Skýrsluhöfundar	Stefán Þór Gunnarsson Sindri Baldur Sævarsson

Efnisyfirlit

1	Samantekt	1
2	Inngangur	2
3	Framkvæmd og heimtur	3
4	Niðurstöður	4
4.1	Bakgrunnsbreytur	4
4.2	Bakgrunnsgreining	6
4.2.1	Spurningar um nýtingu á þjónustu heilbrigðisstarfsmanna	11
4.2.2	Spurningar um örorkulífeyri, örorkustyrk, endurhæfingarlífeyri og ellilífeyri	35
4.2.3	Spurningar um kostnað á lyfjum, tækjum og þjónustu	36
5	Lokaorð	56

Myndaskrá

1	Hefur þú farið til eftirfarandi aðila undanfarna 12 mánuði?	12
2	Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til læknis?	22
3	Hver var ástæða þess að þú leystir ekki út lyfið?	27
4	Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til sjúkra- þjálfara?	32

Töfluskra

1	Um gagnaöflun	3
2	Kyn svarenda	4
3	Aldur	4
4	Búseta	5
5	Menntun	5
6	Tekjur einstaklings í krónum eftir skatt	5
7	Heimilistekjur í krónum eftir skatt	5
8	Ert þú með metna örorku?	6
9	Hversu góða eða slæma metur þú almennt líkamlega heilsu þína? . . .	7
10	Hversu góða eða slæma metur þú almennt andlega heilsu þína? . . .	8
11	Ert þú með einhvern langvinnan sjúkdóm sem læknir hefur staðfest (hér er t.d. átt við langvinnan öndunarfærasjúkdóm, meltingarsjúkdóm, innkirtla-sjúkdóm, húðsjúkdóm, hjarta- eða æðasjúkdóm, krabbamein, sjúkdóm í liðum eða stoðkerfi, taugasjúkdóm, geðsjúkdóm eða fíknisjúkdóm)? . .	10
12	Ert þú með fötlun af einhverju tagi (langvinna starfs- eða hreyfiskerðingu)?	11
13	Hefur þú farið til eftirfarandi aðila undanfarna 12 mánuði? Framhald á næstu síðu.	13
14	Hefur þú farið til eftirfarandi aðila undanfarna 12 mánuði? Framhald. . .	14
15	Hversu oft hefur þú farið til heimilislæknis, eða læknis á heilsugæslustöð undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum. .	15
16	Hversu oft hefur þú farið til sérgreinalæknis undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.	16
17	Hversu oft hefur þú farið til sjúkráðgjafa undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.	17
18	Hversu oft hefur þú farið til sálfræðings undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.	18
19	Hversu oft hefur þú farið til félagsráðgjafa undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.	19
20	Hversu oft hefur þú farið til hjúkrunarfræðings undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.	20
21	Hefur þú þurft að fara til læknis einhvern tíma á síðastliðnum 6 mánuðum, en hættir við það eða frestaðir því?	21
22	Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til læknis? Framhald á næstu síðu.	23
23	Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til læknis? Framhald.	24
24	Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til læknis? Framhald.	25
25	Hefur þú fengið lyfi ávísað á þig í apóteki einhvern tíma á síðastliðnum 6 mánuðum, en ekki leyst út lyfið?	26
26	Hver var ástæða þess að þú leystir ekki út lyfið? Framhald á næstu síðu. .	28
27	Hver var ástæða þess að þú leystir ekki út lyfið? Framhald.	29
28	Hver var ástæða þess að þú leystir ekki út lyfið? Framhald.	30

29	Þurftir þú að fara til sjúkraþjálfara einhvern tíma á síðastliðnum 6 mánuðum, en hættir við það eða frestaðir því?	31
30	Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til sjúkraþjálfara? Framhald á næstu síðum.	33
31	Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til sjúkraþjálfara? Framhald.	34
32	Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til sjúkraþjálfara? Framhald.	35
33	Færð þú örorkulífeyri, örorkustyrk, endurhæfingarlífeyri eða ellilífeyri? .	36
34	Hver áætlar þú að hafi verið heildar kostnaður þinn vegna notkunar á lækniþjónustu fyrir sjálf(a/an/t) þig á síðasta ári (2024)? Hér er átt við kostnað vegna bæði meðferðar og rannsókna.	37
35	Hver áætlar þú að hafi verið kostnaður þinn vegna lyfja samkvæmt lyfseðli á síðasta ári (2024)?	38
36	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Komur til lækna, komur á göngu- og slysadeild og bráðamóttöku, húsvitjanir lækna (ekki lyf) .	40
37	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Komur til sérgreina-lækna	42
38	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Tannlæknaþjónusta	43
39	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Sjúkraþjálfun	45
40	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Lyf samkvæmt lyfseðli	46
41	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Lyf án lyfseðils	48
42	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Sálfræðiþjónusta	49
43	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Hjálpartæki	50
44	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Gleraugu (kaup á nýjum eða viðhald)	52
45	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Heyrnartæki (kaup á nýjum eða viðhald)	53
46	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Sjúkra- og hjúkrunar-vörur	54
47	Hver áætlar þú að sé samanlagður kostnaður vegna notkunar þinnar og heimilisfólks þíns á eftirfarandi þáttum árið 2024? - Sjúkraflutningar	55

1 Samantekt

- **Heilsufar fólks með örorku er marktækt verra en meðal almennings.** Einstaklingar með 75–100% örorku meta bæði líkamlega og andlega heilsu sína mun verr en þeir sem ekki eru með örorku.
- **Andleg vanlíðan er algengari meðal fólks með örorku og tekjulægri hópa.** Hlutfall þeirra sem meta andlega heilsu sína sem slæma er tvö- til þrefalt hærra meðal fólks með örorku en í hópi þeirra sem ekki eru með örorku.
- **Sjálfsmat á heilsu er verra þegar örorka eykst og tekjur lækka.** Tengsl örorku og tekna við sjálfsmat á heilsu eru skýr og marktæk.
- **Fólk með örorku nýtir heilbrigðisþjónustu oftar en aðrir.** Þau fara oftar til heimilislækna, sérgreinalækna, sjúkrabjálfa og sálfræðinga en aðrir hópar í samfélaginu.
- **Fólk með örorku ber að jafnaði hærri kostnað.** Lægri tekjur og meiri heilbrigðisþörf leiða til þess að útgjöld vega þyngra fyrir fólk með örorku en fyrir aðra.
- **Lyfjakostnaður er sérstaklega mikill meðal fólks með örorku.** Um þriðjungur fólks með 75–100% örorku greiðir yfir 80.000 kr. á ári fyrir lyf samkvæmt lyfseðli.
- **Einnig greiðir fólk með örorku meira fyrir lyf án lyfseðils.** Þeir sem eru með meiri örorku eru að jafnaði með hærri kostnað vegna lyfjakaupa án lyfseðils.
- **Kostnaður vegna tannlæknþjónustu er yfir 80.000 krónum hjá um fjórðungi heimila.** Hlutfallið er marktækt hærra í hópi fólks með örorku.
- **Lægri tekjur tengjast lakari heilsu og meiri lyfjanotkun.** Í lægsta tekjuprepi metur stór hluti heilsu sína sem slæma og hefur mikinn lyfjakostnað.
- **Flest heimili greiða lítið fyrir sjúkrabjálfun, en fólk með örorku greiðir oftar meira.** Þeir sem eru með meiri örorku eru líklegri til að greiða 80.000 kr. eða meira fyrir sjúkrabjálfun á ári.
- **Sjúkraflutningar og hjálpartæki eru almennt lítill útgjaldaliður fyrir flest heimili.** Hins vegar getur kostnaður orðið verulegur hjá litlum hópi sem þarf sértæka þjónustu eða búnað.
- **Fólk með örorku ber tvöfalda byrði.** Þeir glíma við lakara heilsufar og meiri þörf fyrir þjónustu, en þurfa jafnframt að standa undir meiri útgjöldum úr eigin vasa.

2 Inngangur

Á síðustu árum hefur mikið verið fjallað um líf skjör og velferðarmál á Íslandi og þar með talið tekjuskiptingu og tengsl hennar við aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Að beiðni Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, og ÖBÍ réttindasamtaka framkvæmdi Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun meðal 3.583 einstaklinga úr netpanel stofnunarinnar. Markmið könnunarinnar var að safna upplýsingum um efnahagslegar aðstæður Íslendinga, útgjöld þeirra vegna heilbrigðisþjónustu og hvernig þeir upplifa aðgengi að þjónustunni.

Í þessari skýrslu eru niðurstöður könnunarinnar kynntar og greindar eftir ýmsum bakgrunnsbreytum, svo sem kyni, aldri, búsetu, menntun, tekjum og því hvort viðkomandi hefur metna örorku. Gegnumgangandi verður þó mest áhersla lögð á samanburð eftir örorku og tekjum í samhengi við hverja spurningu fyrir sig. Spurningalistinn var saminn af Rúnari Vilhjálmssyni og ÖBÍ í samstarfi við Félagsvísindastofnun.

3 Framkvæmd og heimtur

Tekið var 9.371 manna úrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar.

Tafla 1. Um gagnaöflun

Framkvæmdamáti	Panelkönnun
Gagnaöflunartímabil	3. júní–2. ágúst 2025
Fjöldi í úrtaki	9.371
Fjöldi svarenda	3.574
Brúttó svarhlutfall	38%
Ógjaldgeng	9
Nettó svarhlutfall	38%

Meðal panelmeðlima svöruðu 3.583 könnuninni eða 38%. Níu þeirra voru búsettir erlendis og voru því ekki gjaldgengir. Sendar voru fjórar ítrekanir á þau sem ekki höfðu svarað. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldri á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

4 Niðurstöður

Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til þess að endurspegla þýðið sem best. Þak var sett á vigtina við 5 og gólf við 0,2. Öll marktektarpróf og myndir byggja á vigtuðum gögnum.

Í töflum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar. Í sumum spurningum gátu þátttakendur valið fleiri en einn valmöguleika, geta svör í þeim töflum verið fleiri en fjöldi svarenda. Þá eru í töflunum settar súlur sem sýna valda þætti úr töflunum.

Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Til að athuga hvort marktækur munur væri á meðaltölum milli hópa var notast við F-próf. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópí svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$), tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn endurspegli raunverulegan mun í þýði ($p < 0,001$). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Ef marktektarpróf reynist ógilt vegna fámennis í hópum þá er það táknað með óg.

4.1 Bakgrunnsbreytur

Tafla 2. Kyn svarenda

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Karlar	1.619	1.757	49%
Konur	1.953	1.814	51%
Kvár	2	2	0%
Fjöldi alls	3.574	3.574	100%

Tafla 3. Aldur

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
18–30 ára	136	572	16%
31–45 ára	590	1.135	32%
46–60 ára	1.045	860	24%
61 árs og eldri	1.803	1.008	28%
Fjöldi alls	3.574	3.574	100%

Tafla 4. Búseta

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	2.219	2.283	 64%
Landsbyggð	1.355	1.291	 36%
Fjöldi alls	3.574	3.574	100%

Tafla 5. Menntun

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Grunnskólanám	321	747	 22%
Verklegt framhaldsskólanám	822	723	 21%
Bóklegt framhaldsskólanám	424	558	 16%
Háskólanám	1.843	1.360	 40%
Fjöldi	3.410	3.388	100%
Svarar ekki	164	186	
Fjöldi alls	3.574	3.574	

Tafla 6. Tekjur einstaklings í krónum eftir skatt

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
300 þ. eða lægri	280	383	 14%
301–500 þ.	1.018	1.013	 36%
501–700 þ.	823	793	 28%
701–1.100 þ.	542	490	 18%
Hærri en 1,1 m. kr	133	120	 4%
Fjöldi	2.796	2.798	100%
Veit ekki	69	75	
Svarar ekki	709	700	
Fjöldi alls	3.574	3.574	

Tafla 7. Heimilistekjur í krónum eftir skatt

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
300 þ. kr. eða lægri	112	209	 7%
301–500 þ. kr.	457	544	 19%
501–700 þ. kr.	516	516	 18%
701–1.100 þ. kr.	771	763	 26%
Hærri en 1,1 m. kr.	991	907	 31%
Fjöldi	2.847	2.939	100%
Veit ekki	168	159	
Svarar ekki	559	475	
Fjöldi alls	3.574	3.574	

Tafla 8. Ert þú með metna örorku?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Nei	2.882	2.759	 82%
Já, 25% til 74%	213	230	 7%
Já, 75% til 100%	344	384	 11%
Fjöldi	3.439	3.373	100%
Svarar ekki	135	201	
Fjöldi alls	3.574	3.574	

4.2 Bakgrunnsgreining

Yfir helmingur fólks metur líkamlega heilsu sína góða eða 54% en 17% fólks telja hana slæma eins og sjá má í töflu 9.

Munur er þó á milli hópa eftir örorkustigi. Hjá þeim sem ekki eru með örorku taldi 61% heilsu sína góða og einungis 10% slæma. Meðal þeirra sem eru með 25–74% örorku var hlutfall þeirra sem töldu heilsu sína góða 46%, en 22% töldu hana slæma. Hjá einstaklingum með 75–100% örorku var aðeins 9% með jákvætt mat á heilsu sinni og 63% töldu hana slæma. Niðurstöðurnar sýna því skýrt að sjálfsmat á heilsu versnar verulega með aukinni örorku.

Einnig koma fram skýr tengsl milli heimilistekna og mats á heilsu. Í lægsta tekjuprepi, þar sem heimilistekjur eftir skatt eru undir 300 þúsund krónum á mánuði, töldu 46% heilsu sína góða og 35% slæma. Í hæsta tekjuprepi, þar sem heimilistekjur eru yfir 1,1 milljón króna, töldu 64% heilsu sína góða og aðeins 12% slæma. Þessar niðurstöður benda til þess að betri efnahagsstaða tengist bæði bættri sjálfsskynjaðri heilsu og minni líkum á að meta heilsu sína sem slæma.

Tafla 9. Hversu góða eða slæma metur þú almennt líkamlega heilsu þína?

	Í				
	Góða	meðallagi	Slæma	Fjöldi	Góða
<i>Heild</i>	54%	29%	17%	3.566	 54%
<i>Kyn***</i>					
Karlar	53%	32%	15%	1.755	 53%
Konur	55%	26%	19%	1.809	 55%
<i>Aldur*</i>					
18–30 ára	53%	29%	17%	567	 53%
31–45 ára	56%	29%	15%	1.135	 56%
46–60 ára	49%	31%	20%	859	 49%
61 árs og eldri	57%	27%	16%	1.006	 57%
<i>Búseta***</i>					
Höfuðborgarsvæði	58%	27%	15%	2.276	 58%
Landsbyggð	47%	33%	20%	1.290	 47%
<i>Menntun***</i>					
Grunnskólanám	41%	34%	25%	747	 41%
Verklegt framhaldsskólanám	54%	29%	17%	723	 54%
Bóklegt framhaldsskólanám	48%	31%	21%	558	 48%
Háskólanám	64%	25%	11%	1.358	 64%
<i>Örorka***</i>					
Nei	61%	29%	10%	2.757	 61%
Já, 25% til 74%	46%	32%	22%	230	 46%
Já, 75% til 100%	9%	28%	63%	384	 9%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt***</i>					
300 þ. eða lægri	38%	25%	36%	383	 38%
301–500 þ.	46%	32%	22%	1.012	 46%
501–700 þ.	63%	27%	10%	793	 63%
701–1.100 þ.	67%	27%	6%	490	 67%
Hærrí en 1,1 m. kr	74%	20%	6%	120	 74%
<i>Heimilistekjur eftir skatt***</i>					
300 þ. kr. eða lægri	46%	20%	35%	209	 46%
301–500 þ. kr.	39%	37%	24%	544	 39%
501–700 þ. kr.	54%	29%	17%	516	 54%
701–1.100 þ. kr.	57%	30%	12%	763	 57%
Hærrí en 1,1 m. kr.	64%	24%	12%	906	 64%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. ^{óg} merkir að gögnin hafi ekki uppfyllt forsendur marktæktarprófs um lágmarksfjölda.

Eins og sjá má í töflu 10 meta 61% andlega heilsu sína góða, 26% í meðallagi og 13% slæma.

Munur sést skýrt eftir örorku. Hjá þeim sem ekki eru með örorku töldu 65% andlega heilsu sína góða og 11% slæma. Meðal þeirra sem eru með 25–74% örorku var hlutfallið 62% og 11%, en hjá þeim sem eru með 75–100% örorku var aðeins 36% með góða andlega heilsu og 29% með slæma. Þessar niðurstöður sýna greinilega að aukin örorka tengist verri andlegri heilsu og hærra hlutfalli þeirra sem meta hana sem slæma.

Svipað mynstur kemur fram þegar litið er til heimilistekna. Í lægsta tekjuprepi, þar sem heimilistekjur eftir skatt eru undir 300 þúsund krónum á mánuði, töldu 47% and-

lega heilsu sína góða og 27% slæma. Í hæsta tekjuprepi, þar sem heimilistekjur eru yfir 1,1 milljón króna, voru 70% með góða andlega heilsu og einungis 7% með slæma. Niðurstöðurnar benda því til þess að betri efnahagsstaða tengist jákvæðara mati á andlegri heilsu, en andleg vanlíðan er algengari meðal tekjulægri hópa og einstaklinga með meiri örorku.

Tafla 10. Hversu góða eða slæma metur þú almennt andlega heilsu þína?

	Í				
	Góða	meðallagi	Slæma	Fjöldi	Góða
<i>Heild</i>	61%	26%	13%	3.562	 61%
<i>Kyn</i>					
Karlar	62%	25%	13%	1.751	 62%
Konur	61%	26%	13%	1.809	 61%
<i>Aldur***</i>					
18–30 ára	51%	30%	19%	562	 51%
31–45 ára	50%	32%	18%	1.135	 50%
46–60 ára	64%	23%	12%	860	 64%
61 árs og eldri	78%	18%	5%	1.006	 78%
<i>Búseta**</i>					
Höfuðborgarsvæði	62%	26%	11%	2.272	 62%
Landsbyggð	60%	24%	16%	1.290	 60%
<i>Menntun***</i>					
Grunnskólanám	56%	27%	17%	747	 56%
Verklegt framhaldsskólanám	65%	24%	10%	723	 65%
Bóklegt framhaldsskólanám	56%	25%	19%	558	 56%
Háskólanám	64%	26%	10%	1.359	 64%
<i>Örorka***</i>					
Nei	65%	24%	11%	2.758	 65%
Já, 25% til 74%	62%	28%	11%	230	 62%
Já, 75% til 100%	36%	34%	29%	379	 36%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt***</i>					
300 þ. eða lægri	51%	25%	24%	378	 51%
301–500 þ.	56%	28%	16%	1.013	 56%
501–700 þ.	64%	25%	11%	793	 64%
701–1.100 þ.	72%	23%	5%	490	 72%
Hærri en 1,1 m. kr	81%	16%	3%	120	 81%
<i>Heimilistekjur eftir skatt***</i>					
300 þ. kr. eða lægri	47%	26%	27%	204	 47%
301–500 þ. kr.	51%	27%	22%	544	 51%
501–700 þ. kr.	55%	30%	15%	516	 55%
701–1.100 þ. kr.	61%	28%	11%	763	 61%
Hærri en 1,1 m. kr.	70%	23%	7%	907	 70%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. ^{óg} merkir að gögnin hafi ekki uppfyllt forsendur marktæktarprófs um lágmarksfjölda.

Eins og fram kemur í töflu 11 sögðust 50% hafa einhvern langvinnan sjúkdóm sem læknir hefur greint, en 50% sögðust ekki glíma við slíkan sjúkdóm. Hlutfall þeirra sem eru með langvinna sjúkdóma eykst marktækt með aldri, þar sem 47% einstaklinga á

aldinum 18–30 ára greina frá langvinnnum sjúkdómi, 43% á aldrinum 31–45 ára, 49% hjá 46–60 ára og 60% meðal 61 árs og eldri. Þessar niðurstöður endurspeglar eðlilega aukningu langvinnra heilsuvandamála með hækkandi aldri.

Munur er einnig mjög skýr þegar litið er til örorku. Hjá þeim sem ekki eru með örorku sögðust 43% hafa langvinnan sjúkdóm, en hlutfallið hækkar í 62% meðal þeirra sem eru með 25–74% örorku og fer í 92% meðal þeirra sem eru með 75–100% örorku.

Einnig kemur fram marktækur munur eftir tekjum. Í lægsta tekjuprepi, þar sem heimilistekjur eftir skatt eru undir 300 þúsund krónum á mánuði, greindu 58% frá langvinnnum sjúkdómi, en hlutfallið lækkar með hærri tekjum og er 44% í hæsta tekjuprepi, þar sem heimilistekjur eru yfir 1,1 milljón króna. Þessar niðurstöður benda til þess að langvinn heilsuvandamál séu algengari meðal tekjulægri hópa og tengist þannig bæði félagslegri og efnahagslegri stöðu.

Tafla 11. Ert þú með einhvern langvinnan sjúkdóm sem lækni hefur staðfest (hér er t.d. átt við langvinnan öndunarfærasjúkdóm, meltingarsjúkdóm, innkirtlasjúkdóm, húðsjúkdóm, hjarta- eða æðasjúkdóm, krabbamein, sjúkdóm í liðum eða stoðkerfi, taugasjúkdóm, geðsjúkdóm eða fíknisjúkdóm)?

	Já	Nei	Fjöldi	Já
Heild	50%	50%	3.542	 50%
Kyn***				
Karlar	46%	54%	1.740	 46%
Konur	53%	47%	1.799	 53%
Aldur***				
18–30 ára	47%	53%	562	 47%
31–45 ára	43%	57%	1.134	 43%
46–60 ára	50%	50%	855	 50%
61 árs og eldri	60%	40%	992	 60%
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	49%	51%	2.267	 49%
Landsbyggð	51%	49%	1.275	 51%
Menntun***				
Grunnskólanám	54%	46%	738	 54%
Verklegt framhaldsskólanám	53%	47%	717	 53%
Bóklegt framhaldsskólanám	51%	49%	551	 51%
Háskólanám	45%	55%	1.357	 45%
Örorka***				
Nei	43%	57%	2.741	 43%
Já, 25% til 74%	62%	38%	228	 62%
Já, 75% til 100%	92%	8%	378	 92%
Einstaklingstekjur eftir skatt***				
300 þ. eða lægri	60%	40%	377	 60%
301–500 þ.	57%	43%	1.007	 57%
501–700 þ.	46%	54%	791	 46%
701–1.100 þ.	39%	61%	489	 39%
Hærr en 1,1 m. kr	45%	55%	120	 45%
Heimilistekjur eftir skatt***				
300 þ. kr. eða lægri	58%	42%	204	 58%
301–500 þ. kr.	58%	42%	540	 58%
501–700 þ. kr.	49%	51%	513	 49%
701–1.100 þ. kr.	49%	51%	760	 49%
Hærr en 1,1 m. kr.	44%	56%	905	 44%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. ^{óg} merkir að gögnin hafi ekki uppfyllt forsendur marktektarprófs um lágmarksfjölda.

Tólf prósent fólks 18 ára og eldri eru með fötlun af einhverju tagi. Þau sem eru með fötlun eru hlutfallslega frekar með minni menntun. Þannig eru 20% þeirra sem eru með grunnskólapróf með fötlun samanborið við 7% þeirra sem eru með háskólapróf (sjá töflu 12).

Hærra hlutfall fólks í lægri tekjuhópnum, hvort sem litið er til einstaklingstekna eða heimilistekna, er með fötlun en fólk í hærri tekjuhópnum.


Tafla 12. Ert þú með fötlun af einhverju tagi (langvinna starfs- eða hreyfiskerðingu)?

	Já	Nei	Fjöldi	Já
<i>Heild</i>	12%	88%	3.528	■ 12%
<i>Kyn*</i>				
Karlar	13%	87%	1.737	■ 13%
Konur	11%	89%	1.789	■ 11%
<i>Aldur***</i>				
18–30 ára	8%	92%	552	■ 8%
31–45 ára	11%	89%	1.123	■ 11%
46–60 ára	13%	87%	855	■ 13%
61 árs og eldri	15%	85%	998	■ 15%
<i>Búseta</i>				
Höfuðborgarsvæði	11%	89%	2.248	■ 11%
Landsbyggð	14%	86%	1.280	■ 14%
<i>Menntun***</i>				
Grunnskólanám	20%	80%	739	■ 20%
Verklegt framhaldsskólanám	16%	84%	716	■ 16%
Bóklegt framhaldsskólanám	11%	89%	551	■ 11%
Háskólanám	7%	93%	1.355	■ 7%
<i>Örorka***</i>				
Nei	4%	96%	2.746	■ 4%
Já, 25% til 74%	24%	76%	228	■ 24%
Já, 75% til 100%	65%	35%	363	■ 65%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. eða lægri	16%	84%	376	■ 16%
301–500 þ.	20%	80%	999	■ 20%
501–700 þ.	6%	94%	791	■ 6%
701–1.100 þ.	5%	95%	490	■ 5%
Hærr en 1,1 m. kr	4%	96%	120	■ 4%
<i>Heimilistekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. kr. eða lægri	17%	83%	203	■ 17%
301–500 þ. kr.	23%	77%	535	■ 23%
501–700 þ. kr.	11%	89%	508	■ 11%
701–1.100 þ. kr.	9%	91%	763	■ 9%
Hærr en 1,1 m. kr.	8%	92%	907	■ 8%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. Óg merkir að gögnin hafi ekki uppfyllt forsendur marktektarprófs um lágmarksfjölda.

4.2.1 Spurningar um nýtingu á þjónustu heilbrigðisstarfsmanna

Næstum þrír af hverjum fjórum hafa farið til heimilislæknis eða læknis á heilsugæslu stöð síðustu 12 mánuðum en helmingur fólks hefur farið til sérgreinalæknis á sama tímabili (sjá mynd 1). Þá hafa um 30% fólks farið til hjúkrunarfræðings og 27,5% fólks til sjúkráþjálfara undangengna 12 mánuði. Rétt innan við einn af hverjum fimm hafa farið til sálfræðings á síðustu 12 mánuðum og innan við 1 af hverjum 20 til félagsráðgjafa.



Mynd 1. Hefur þú farið til eftirfarandi aðila undanfarna 12 mánuði?

Þegar greint er eftir bakgrunni sést að hærra hlutfall fólks með örorku hefur þurft að nýta sér þjónustu heimislæknis, sérgreinalæknis, sjúkraþjálfara, sálfræðings, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðings en fólks sem ekki hefur örorku. Þannig hafa 88% fólks með örorku farið til heimislæknis eða læknis á heilsugæslustöð tímabilinu en 70% fólks sem ekki hefur örorku eins og sjá má í töflu 13. Þá hafa 62% fólks með 75–100% örorku farið til sérgreinalæknis á tímabilinu, 56% fólks með 25–74% örorku en 48% fólks án örorku. Um fjórðungur fólks án örorku hefur farið til sjúkraþjálfara á síðustu 12 mánuðum en meira en tveir af hverjum fimm þeirra sem hafa örorku. Hærra hlutfall þeirra sem eru í lægsta tekjuhópnum hefur farið til hvort sem er heimislæknis, sérgreinalæknis eða sjúkraþjálfara en þeirra sem hærri tekjur hafa.

Tafla 13. Hefur þú farið til eftirfarandi aðila undanfarna 12 mánuði? Framhald á næstu síðu.

	Heimilislæknis/læknis á heilsugæslustöð	Sérgreinalæknis	Sjúkrapjálfara
<i>Heild</i>	73%	50%	28%
<i>Kyn</i>	**	***	***
Karlar	71%	47%	25%
Konur	75%	53%	30%
<i>Aldur</i>	***	***	***
18–30 ára	70%	51%	21%
31–45 ára	72%	40%	26%
46–60 ára	70%	48%	28%
61 árs og eldri	78%	63%	33%
<i>Búseta</i>	***	***	
Höfuðborgarsvæði	71%	52%	28%
Landsbyggð	77%	46%	26%
<i>Menntun</i>	***	**	
Grunnskólanám	79%	46%	27%
Verklegt framhaldsskólanám	75%	55%	31%
Bóklegt framhaldsskólanám	74%	50%	26%
Háskólanám	69%	49%	26%
<i>Örorka</i>	***	***	***
Nei	70%	48%	24%
Já, 25% til 74%	88%	56%	42%
Já, 75% til 100%	88%	62%	45%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt</i>	***	*	**
300 þ. eða lægri	85%	56%	35%
301–500 þ.	75%	53%	30%
501–700 þ.	71%	47%	26%
701–1.100 þ.	69%	48%	26%
Hærri en 1,1 m. kr	70%	48%	21%
<i>Heimilistekjur eftir skatt</i>	***		
300 þ. kr. eða lægri	82%	53%	28%
301–500 þ. kr.	77%	48%	29%
501–700 þ. kr.	71%	52%	27%
701–1.100 þ. kr.	76%	52%	29%
Hærri en 1,1 m. kr.	71%	49%	27%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. Óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs. Hægt var að merkja við fleiri en eitt atriði

Um það bil fimmtungur fólks með örorku hefur farið til sálfræðings á undanförunum 12 mánuðum samanborið við 16% þeirra sem ekki hafa örorku. Bilið er enn stærra á milli hópa þegar kemur að því hvort fólk hafi notað þjónustu félagsráðgjafa á tímabilinu en fimmtíu hærri (15%) hlutfall fólks með 75–100% örorku hefur farið til félagsráðgjafa en fólk sem ekki hefur örorku (3%). Þá hafa 5% af þeim með 25–74% örorku farið til félagsráðgjafa. Næstum helmingur (48%) þeirra sem eru með 75–100% örorku hefur farið til hjúkrunarfræðings á síðustu 12 mánuðum en rúmur fjórðungur (27%) þeirra sem ekki hafa örorku. Eftir því sem tekjur fólks eru lægri þá er hærri hlutfall fólks sem fer til sálfræðings og hjúkrunarfræðings og um tífalt hærri hlutfall þeirra sem eru í lægsta

tekjuhópnum fór til félagsráðgjafa en þeirra sem eru í hæsta tekjuhópnum.

Tafla 14. Hefur þú farið til eftirfarandi aðila undanfarna 12 mánuði? Framhald.

	Sálfræðings	Félagsráðgjafa	Hjúkrunarfræðings
<i>Heild</i>	18%	5%	30%
<i>Kyn</i>	***		***
Karlar	12%	4%	25%
Konur	24%	5%	35%
<i>Aldur</i>	***	***	***
18–30 ára	33%	10%	41%
31–45 ára	26%	5%	32%
46–60 ára	13%	4%	24%
61 árs og eldri	5%	2%	26%
<i>Búseta</i>	***		***
Höfuðborgarsvæði	20%	5%	28%
Landsbyggð	15%	5%	33%
<i>Menntun</i>	***	***	**
Grunnskólanám	12%	8%	28%
Verklegt framhaldsskólanám	15%	4%	30%
Bóklegt framhaldsskólanám	23%	5%	36%
Háskólanám	21%	3%	28%
<i>Örorka</i>		***	***
Nei	16%	3%	27%
Já, 25% til 74%	20%	5%	38%
Já, 75% til 100%	21%	15%	47%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt</i>	***	***	***
300 þ. eða lægri	27%	11%	40%
301–500 þ.	17%	7%	32%
501–700 þ.	18%	2%	28%
701–1.100 þ.	13%	4%	23%
Hærri en 1,1 m. kr	13%	1%	23%
<i>Heimilistekjur eftir skatt</i>	***	***	**
300 þ. kr. eða lægri	36%	20%	34%
301–500 þ. kr.	16%	9%	33%
501–700 þ. kr.	22%	3%	33%
701–1.100 þ. kr.	21%	4%	28%
Hærri en 1,1 m. kr.	13%	2%	26%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. ^{óg} merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprofs. Hægt var að merkja við fleiri en eitt atriði

Fólk fer að meðaltali 2,5 sinnum til heimilislæknis eða læknis á heilsugæslustöð á ári eins og sjá má í töflu 15. Fólk á landsbyggðinni fer oftár en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Fólk með örorku fer töluvert oftár til heimilislæknis eða læknis á heilsugæslustöð en þau sem ekki hafa örorku (2 sinnum) og á það við sama hvort sem fólk er með 25–74% örorku (4,7 sinnum) eða 75–100% örorku (4,6 sinnum) eins og sjá má í töflu 15. Eftir því sem tekjur fara lækkandi fer fólk að jafnaði oftár til læknis og á það við hvort sem litið er til einstaklings- eða heimilistekna.

Tafla 15. Hversu oft hefur þú farið til heimilislæknis, eða læknis á heilsugæslustöð undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
<i>Heild</i>	2,5	3,5	3.495	 2,5
<i>Kyn***</i>				
Karlar	2,3	3,3	1.722	 2,3
Konur	2,7	3,7	1.771	 2,7
<i>Aldur***</i>				
18–30 ára	3,1	5,2	548	 3,1
31–45 ára	2,3	2,8	1.113	 2,3
46–60 ára	2,3	3,3	842	 2,3
61 árs og eldri	2,5	3,2	992	 2,5
<i>Búseta***</i>				
Höfuðborgarsvæði	2,2	3,3	2.237	 2,2
Landsbyggð	3,0	3,8	1.258	 3,0
<i>Menntun***</i>				
Grunnskólanám	2,8	3,3	723	 2,8
Verklegt framhaldsskólanám	3,1	5,0	712	 3,1
Bóklegt framhaldsskólanám	2,6	3,0	551	 2,6
Háskólanám	1,9	2,6	1.341	 1,9
<i>Örorka***</i>				
Nei	2,0	2,5	2.723	 2,0
Já, 25% til 74%	4,7	6,4	227	 4,7
Já, 75% til 100%	4,6	5,6	362	 4,6
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. eða lægri	3,5	3,7	374	 3,5
301–500 þ.	2,7	3,4	989	 2,7
501–700 þ.	2,4	3,9	785	 2,4
701–1.100 þ.	1,8	2,5	483	 1,8
Hærri en 1,1 m. kr	1,5	1,4	119	 1,5
<i>Heimilistekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. kr. eða lægri	3,5	3,5	202	 3,5
301–500 þ. kr.	2,7	3,2	528	 2,7
501–700 þ. kr.	2,7	4,1	502	 2,7
701–1.100 þ. kr.	2,6	3,4	751	 2,6
Hærri en 1,1 m. kr.	2,2	3,7	898	 2,2

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$.

Fólk fer að meðaltali 1,6 sinnum á ári til sérgreinalæknis en þau sem eru með 75% - 100% örorku fara að meðaltali næstum tvöfalt oftar (2,7 sinnum) til sérgreinalæknis en þau sem ekki hafa neina örorku (1,4 sinnum) (sjá töflu 16). Sé greint eftir tekjum, þá fer fólk í lægstu tekjuhópunum oftar til sérgreinalækna en fólk í hærri tekjuhópum.

Tafla 16. Hversu oft hefur þú farið til sérgreinalæknis undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
<i>Heild</i>	1,6	2,9	3.541	 1,6
<i>Kyn*</i>				
Karlar	1,4	3,2	1.739	 1,4
Konur	1,7	2,7	1.799	 1,7
<i>Aldur***</i>				
18–30 ára	2,2	4,1	562	 2,2
31–45 ára	1,1	2,0	1.127	 1,1
46–60 ára	1,3	2,8	859	 1,3
61 árs og eldri	2,0	3,1	993	 2,0
<i>Búseta***</i>				
Höfuðborgarsvæði	1,7	3,1	2.264	 1,7
Landsbyggð	1,3	2,6	1.277	 1,3
<i>Menntun</i>				
Grunnskólanám	1,5	3,3	737	 1,5
Verklegt framhaldsskólanám	1,7	3,0	720	 1,7
Bóklegt framhaldsskólanám	1,6	3,3	553	 1,6
Háskólanám	1,5	2,6	1.358	 1,5
<i>Örorka***</i>				
Nei	1,4	2,8	2.746	 1,4
Já, 25% til 74%	1,8	2,4	227	 1,8
Já, 75% til 100%	2,7	4,3	378	 2,7
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. eða lægri	2,1	4,1	381	 2,1
301–500 þ.	1,8	3,3	1.004	 1,8
501–700 þ.	1,4	2,5	792	 1,4
701–1.100 þ.	1,4	2,7	487	 1,4
Hærrí en 1,1 m. kr	1,1	1,6	120	 1,1
<i>Heimilistekjur eftir skatt**</i>				
300 þ. kr. eða lægri	2,3	5,1	209	 2,3
301–500 þ. kr.	1,6	2,7	536	 1,6
501–700 þ. kr.	1,6	2,4	515	 1,6
701–1.100 þ. kr.	1,5	3,3	758	 1,5
Hærrí en 1,1 m. kr.	1,5	2,6	904	 1,5

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$.

Fólk fer að meðaltali 5,4 sinnum til sjúkráþjálfara á ári eins og sjá má í töflu 17, en hafa skal í huga að langflestir eða 72% fólks hefur ekki farið til sjúkráþjálfara síðustu 12 mánuði áður en könnun var gerð. Mikil dreifing er á svörum þar sem sumt fólk hefur þurft að fara mjög oft til sjúkráþjálfara dregur meðaltalið upp og staðalfrávik er því mjög hátt. Þau sem ekki hafa örorku fara að meðaltali 3,5 sinnum til sjúkráþjálfara á einu ári, þau sem eru með 25% - 74% 9,2 sinnum og þau sem eru með 75%-100% örorku 18,4 sinnum.

Sé greint eftir tekjum má sjá að meðaltalsfjöldi tíma hjá sjúkráþjálfara eykst með lækkingu tekjum, hvort sem litið er til einstaklings- eða heimilistekna.

Tafla 17. Hversu oft hefur þú farið til sjúkráðgjafara undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
<i>Heild</i>	5,4	17,2	3.542	■ 5,4
<i>Kyn</i>				
Karlar	5,2	19,5	1.743	■ 5,2
Konur	5,7	14,7	1.797	■ 5,7
<i>Aldur**</i>				
18–30 ára	5,1	19,3	559	■ 5,1
31–45 ára	4,3	12,0	1.130	■ 4,3
46–60 ára	5,4	13,6	854	■ 5,4
61 árs og eldri	7,0	22,8	999	■ 7,0
<i>Búseta</i>				
Höfuðborgarsvæði	5,8	19,5	2.260	■ 5,8
Landsbyggð	4,8	12,3	1.282	■ 4,8
<i>Menntun</i>				
Grunnskólanám	5,3	15,0	738	■ 5,3
Verklegt framhaldsskólanám	6,7	16,6	718	■ 6,7
Bóklegt framhaldsskólanám	5,5	24,1	555	■ 5,5
Háskólanám	4,7	14,7	1.355	■ 4,7
<i>Örorka***</i>				
Nei	3,5	10,2	2.750	■ 3,5
Já, 25% til 74%	9,2	17,6	229	■ 9,2
Já, 75% til 100%	18,4	40,1	373	■ 18,4
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. eða lægri	10,6	33,8	379	■ 10,6
301–500 þ.	7,2	18,6	1.002	■ 7,2
501–700 þ.	3,6	10,3	793	■ 3,6
701–1.100 þ.	3,5	9,7	489	■ 3,5
Hærri en 1,1 m. kr	3,2	9,6	120	■ 3,2
<i>Heimilistekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. kr. eða lægri	9,6	26,9	208	■ 9,6
301–500 þ. kr.	7,9	21,8	534	■ 7,9
501–700 þ. kr.	5,6	25,0	515	■ 5,6
701–1.100 þ. kr.	4,9	12,7	761	■ 4,9
Hærri en 1,1 m. kr.	4,2	10,4	907	■ 4,2

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$.

Fólk fer að meðaltali 1,3 sinnum á ári til sálfræðings eins og sjá má í töflu 18. Fólk með örorku fer oftast til sálfræðings að meðaltali en aðrir. Þá fer fólk í neðsta tekjuhópnum, hvort sem litið er til einstaklingstekna eða heimilistekna, að meðaltali oftast til sálfræðings en fólk í tekjuhærri hópum. Þannig fara þau sem eru með 300.000 krónur eða minna í tekjur eftir skatt 2,5 sinnum að meðaltali til sálfræðings á ári, sem er meira en tvöfalt oftast en aðrir hópar (0,7–1,2 sinnum). Þá fara þau sem eru með heimilistekjur undir 300 þúsund krónum að meðaltali 3,4 sinnum til sálfræðings á ári samanborið við 0,9–1,6 sinnum hjá öðrum tekjuhópum.

Tafla 18. Hversu oft hefur þú farið til sálfræðings undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
<i>Heild</i>	1,3	4,0	3.558	■ 1,3
<i>Kyn***</i>				
Karlar	0,9	3,6	1.749	■ 0,9
Konur	1,6	4,4	1.807	■ 1,6
<i>Aldur***</i>				
18–30 ára	2,5	5,1	562	■ 2,5
31–45 ára	1,8	4,2	1.131	■ 1,8
46–60 ára	0,8	3,1	859	■ 0,8
61 árs og eldri	0,3	3,5	1.007	■ 0,3
<i>Búseta*</i>				
Höfuðborgarsvæði	1,4	4,1	2.271	■ 1,4
Landsbyggð	1,1	3,8	1.287	■ 1,1
<i>Menntun***</i>				
Grunnskólanám	0,8	3,0	747	■ 0,8
Verklegt framhaldsskólanám	1,1	3,7	723	■ 1,1
Bóklegt framhaldsskólanám	1,6	4,5	556	■ 1,6
Háskólanám	1,4	3,5	1.359	■ 1,4
<i>Örorka***</i>				
Nei	1,1	3,3	2.758	■ 1,1
Já, 25% til 74%	1,9	5,5	228	■ 1,9
Já, 75% til 100%	1,4	3,8	382	■ 1,4
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. eða lægri	2,5	5,5	383	■ 2,5
301–500 þ.	1,0	3,4	1.011	■ 1,0
501–700 þ.	1,2	3,6	793	■ 1,2
701–1.100 þ.	0,8	2,4	490	■ 0,8
Hærri en 1,1 m. kr	0,7	2,5	120	■ 0,7
<i>Heimilistekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. kr. eða lægri	3,4	6,2	209	■ 3,4
301–500 þ. kr.	0,9	2,8	542	■ 0,9
501–700 þ. kr.	1,5	3,6	516	■ 1,5
701–1.100 þ. kr.	1,6	4,2	763	■ 1,6
Hærri en 1,1 m. kr.	0,9	3,4	907	■ 0,9

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$.

Fólk fer að meðaltali 0,3 sinnum til félagsráðgjafa á ári en eins og áður kom fram hefur 95% fólks ekki farið til félagsráðgjafa undanfarna 12 mánuði (sjá töflu 19). Þau sem hafa 75–100% örorku fara mun oftar að meðaltali en aðrir eða 2,1 sinni samanborið við 0,1 sinni þeirra sem eru með minni eða enga örorku. Fólk í neðsta tekjuhópnum fer að meðaltali mun oftar til félagsráðgjafa en þau sem í efri tekjuhópnum eru.

Tafla 19. Hversu oft hefur þú farið til félagsráðgjafa undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
<i>Heild</i>	0,3	4,2	3.561	■ 0,3
<i>Kyn</i>				
Karlar	0,4	5,4	1.752	■ 0,4
Konur	0,3	2,3	1.807	■ 0,3
<i>Aldur***</i>				
18–30 ára	1,1	9,4	562	■ 1,1
31–45 ára	0,3	2,8	1.133	■ 0,3
46–60 ára	0,1	0,9	860	■ 0,1
61 árs og eldri	0,1	1,3	1.007	■ 0,1
<i>Búseta</i>				
Höfuðborgarsvæði	0,3	4,7	2.270	■ 0,3
Landsbyggð	0,3	2,9	1.290	■ 0,3
<i>Menntun***</i>				
Grunnskólanám	0,4	3,4	747	■ 0,4
Verklegt framhaldsskólanám	0,1	1,4	723	■ 0,1
Bóklegt framhaldsskólanám	0,2	1,4	556	■ 0,2
Háskólanám	0,1	0,5	1.359	■ 0,1
<i>Örorka***</i>				
Nei	0,1	0,7	2.759	■ 0,1
Já, 25% til 74%	0,1	0,8	230	■ 0,1
Já, 75% til 100%	2,1	12,4	382	■ 2,1
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. eða lægri	1,5	11,4	383	■ 1,5
301–500 þ.	0,4	3,1	1.011	■ 0,4
501–700 þ.	0,1	0,7	793	■ 0,1
701–1.100 þ.	0,1	0,5	490	■ 0,1
Hærri en 1,1 m. kr	0,0	0,1	120	■ 0,0
<i>Heimilistekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. kr. eða lægri	2,8	15,3	209	■ 2,8
301–500 þ. kr.	0,5	3,9	542	■ 0,5
501–700 þ. kr.	0,1	0,9	516	■ 0,1
701–1.100 þ. kr.	0,1	1,4	763	■ 0,1
Hærri en 1,1 m. kr.	0,0	0,4	907	■ 0,0

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$.

Fólk fer að meðaltali 1,2 sinnum til hjúkrunarfræðings á ári eins og sést á töflu 20. Hlutfallið er mun hærra hjá fólki með örorku en fólk með 75–100% örorku fer 3,1 sinnum að meðaltali til hjúkrunarfræðings. Hlutfallið er enn þá hátt hjá fólki með örorku upp að 74% eða 1,9 sinnum á meðan fólk með enga örorku fer 0,9 sinnum. Fólk sem er í tveim efstu tekjuhópnum þegar litið er til einstaklingstekna, fer svo að meðaltali sjaldnar til hjúkrunarfræðings heldur en aðrir eða 0,6 sinnum. Fjöldi heimsókna fer hækkandi að meðaltali eftir því sem fólk er í lægri tekjuhóp og í lægsta tekjuhópnum er meðalfjöldi heimsókna til hjúkrunarfræðings 2,3 sinnum.

Tafla 20. Hversu oft hefur þú farið til hjúkrunarfræðings undanfarna 12 mánuði? Vinsamlegast skráðu fjölda skipta í tölustöfum.

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
<i>Heild</i>	1,2	4,4	3.546	■ 1,2
<i>Kyn*</i>				
Karlar	1,0	4,0	1.741	■ 1,0
Konur	1,4	4,7	1.802	■ 1,4
<i>Aldur***</i>				
18–30 ára	2,1	5,8	557	■ 2,1
31–45 ára	1,1	3,8	1.130	■ 1,1
46–60 ára	0,9	3,2	859	■ 0,9
61 árs og eldri	1,2	4,9	1.000	■ 1,2
<i>Búseta</i>				
Höfuðborgarsvæði	1,1	4,3	2.262	■ 1,1
Landsbyggð	1,4	4,6	1.283	■ 1,4
<i>Menntun***</i>				
Grunnskólanám	1,1	3,3	739	■ 1,1
Verklegt framhaldsskólanám	1,5	4,8	722	■ 1,5
Bóklegt framhaldsskólanám	2,1	7,4	558	■ 2,1
Háskólanám	0,9	3,0	1.357	■ 0,9
<i>Örorka***</i>				
Nei	0,9	3,6	2.745	■ 0,9
Já, 25% til 74%	1,9	4,0	230	■ 1,9
Já, 75% til 100%	3,1	8,4	380	■ 3,1
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. eða lægri	2,3	6,8	381	■ 2,3
301–500 þ.	1,4	5,2	1.007	■ 1,4
501–700 þ.	1,1	3,1	793	■ 1,1
701–1.100 þ.	0,6	3,6	489	■ 0,6
Hærri en 1,1 m. kr	0,6	1,8	120	■ 0,6
<i>Heimilistekjur eftir skatt**</i>				
300 þ. kr. eða lægri	1,7	4,8	209	■ 1,7
301–500 þ. kr.	1,5	5,5	538	■ 1,5
501–700 þ. kr.	1,8	5,7	516	■ 1,8
701–1.100 þ. kr.	1,0	4,4	760	■ 1,0
Hærri en 1,1 m. kr.	0,9	2,9	907	■ 0,9

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$.


Á síðustu sex mánuðum hafa 24% fólks hætt við að fara til læknis eða frestað því. Hlutfallið er töluvert hærra eða 35% hjá þeim sem hafa 75–100% örorku. Hlutfallið hjá þeim sem hafa 25–74% örorku (24%) er sambærilegt því sem það er hjá fólki sem ekki hefur örorku (23%). Fólkið í lægsta einstaklingstekjuhópnum frestar því að jafnaði meira að fara til læknis, eða 34%, en í hærri tekjuhópnum.

Tafla 21. Hefur þú þurft að fara til læknis einhvern tíma á síðastliðnum 6 mánuðum, en hættir við það eða frestaðir því?

	Já	Nei	Fjöldi	Já
<i>Heild</i>	24%	76%	3.492	■ 24%
<i>Kyn**</i>				
Karlar	22%	78%	1.711	■ 22%
Konur	26%	74%	1.779	■ 26%
<i>Aldur***</i>				
18–30 ára	31%	69%	547	■ 31%
31–45 ára	29%	71%	1.100	■ 29%
46–60 ára	24%	76%	854	■ 24%
61 árs og eldri	15%	85%	991	■ 15%
<i>Búseta</i>				
Höfuðborgarsvæði	25%	75%	2.218	■ 25%
Landsbyggð	24%	76%	1.274	■ 24%
<i>Menntun</i>				
Grunnskólanám	24%	76%	732	■ 24%
Verklegt framhaldsskólanám	23%	77%	720	■ 23%
Bóklegt framhaldsskólanám	28%	72%	548	■ 28%
Háskólanám	23%	77%	1.336	■ 23%
<i>Örorka***</i>				
Nei	23%	77%	2.750	■ 23%
Já, 25% til 74%	24%	76%	230	■ 24%
Já, 75% til 100%	35%	65%	379	■ 35%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. eða lægri	31%	69%	377	■ 31%
301–500 þ.	27%	73%	1.012	■ 27%
501–700 þ.	23%	77%	791	■ 23%
701–1.100 þ.	18%	82%	489	■ 18%
Hærri en 1,1 m. kr	21%	79%	120	■ 21%
<i>Heimilistekjur eftir skatt***</i>				
300 þ. kr. eða lægri	34%	66%	199	■ 34%
301–500 þ. kr.	30%	70%	538	■ 30%
501–700 þ. kr.	26%	74%	514	■ 26%
701–1.100 þ. kr.	21%	79%	754	■ 21%
Hærri en 1,1 m. kr.	20%	80%	879	■ 20%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. ^{óg} merkir að gögnin hafi ekki uppfyllt forsendur marktæktarprófs um lágmarksfjölda.

Tveir af hverjum fimm segjast hafa þurft að hætta við eða fresta læknisheimsókn vegna þess að þeir fengu ekki tíma nægilega fljótt. Rúmlega fjórðungur (27,8%) taldi að heimsókn til læknis myndi ekki gera mikið gagn og litlu minna hlutfall eða 26,3% áttu erfitt með að fara til læknis vegna annarra verkefna (sjá mynd 2). Um tólf prósent fólks hætti við eða frestaði því að fara til læknis vegna þess að það væri of dýrt eða vegna þess að það væri of tímafrekt. Þá er tæpur fjórðungur (23,5%) sem nefnir aðra ástæðu en gefnar voru upp í listanum fyrir því að þau þurftu að hætta við eða fresta læknisheimsókn en mögulegt var að merkja við fleira en eitt atriði.



Mynd 2. Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til lækni?

Í töflu 22 má sjá að tæpur fjórðungur fólks með 75–100% örorku frestar því að fara til lækni, en innan við einn af hverjum tíu þeirra sem ekki eru með metna örorku frestar eða hættir við að fara til lækni vegna kostnaðar. Hjá þeim sem hafa 25–74% örorku er hlutfallið 16%.

Eftir því sem tekjur fara lækkandi er hlutfall fólks sem nefnir kostnað sem ástæðu fyrir því að hætta við eða fresta því að fara til lækni hærra. Þannig nefnir rúmur fjórðungur kostnað sem ástæðu í lægsta einstaklingstekjuhópnum á meðan enginn í efstu tveimur tekjuhópnum nefnir kostnað sem ástæðu. Að sama skapi er þriðjungur fólks í neðsta tekjuhópnum þegar heimilistekjur eru skoðaðar sem hættir við eða frestar því að fara til lækni en aðeins 3% í hæsta floknum.

Tafla 22. Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til læknis? Framhald á næstu síðum.

	Kostnaður (of dýrt)	Ég vissi ekki til hvaða læknis ég ætti að leita
<i>Heild</i>	12%	11%
<i>Kyn</i>		*
Karlar	10%	8%
Konur	13%	13%
<i>Aldur</i>	*	***
18–30 ára	19%	26%
31–45 ára	10%	5%
46–60 ára	12%	11%
61 árs og eldri	7%	4%
<i>Búseta</i>		***
Höfuðborgarsvæði	12%	5%
Landsbyggð	12%	20%
<i>Menntun</i>	*	**
Grunnskólanám	14%	12%
Verklegt framhaldsskólanám	8%	8%
Bóklegt framhaldsskólanám	17%	19%
Háskólanám	9%	8%
<i>Örorka</i>	***	
Nei	9%	12%
Já, 25% til 74%	16%	2%
Já, 75% til 100%	24%	11%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt</i>	óg	óg
300 þ. eða lægri	26%	10%
301–500 þ.	15%	10%
501–700 þ.	4%	8%
701–1.100 þ.	0%	13%
Hærri en 1,1 m. kr	0%	0%
<i>Heimilistekjur eftir skatt</i>	***	*
300 þ. kr. eða lægri	33%	19%
301–500 þ. kr.	19%	15%
501–700 þ. kr.	11%	6%
701–1.100 þ. kr.	8%	11%
Hærri en 1,1 m. kr.	3%	7%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs. Hægt var að merkja við fleiri en eitt atriði

Átján prósent fólks með 75–100% örorku fresta því að fara til læknis vegna annarra verkefna en tæpur helmingur fólks (45%) sem hafa 25–75% örorku fresta því að fara til læknis vegna annarra verkefna (sjá töflu 23).

Hlutfall þeirra sem fannst of tímafrekt að fara til læknis, og frestuðu eða hættu við af þeim sökum, er tvöfalt hærra hjá þeim sem ekki hafa örorku (14%) en þeim sem hafa örorku (7%).

Tafla 23. Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til læknis? Framhald.

	Ég átti erfitt með að fara til læknis vegna annarra verkefna	Mér fannst of tímafrekt að fara til læknis
<i>Heild</i>	26%	12%
<i>Kyn</i>		***
Karlar	24%	8%
Konur	28%	16%
<i>Aldur</i>	**	***
18–30 ára	28%	31%
31–45 ára	33%	10%
46–60 ára	22%	6%
61 árs og eldri	17%	3%
<i>Búseta</i>		
Höfuðborgarsvæði	25%	12%
Landsbyggð	29%	12%
<i>Menntun</i>	***	**
Grunnskólanám	16%	5%
Verklegt framhaldsskólanám	34%	9%
Bóklegt framhaldsskólanám	25%	16%
Háskólanám	31%	15%
<i>Örorka</i>	***	*
Nei	27%	14%
Já, 25% til 74%	45%	7%
Já, 75% til 100%	18%	7%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt</i>	***	óg
300 þ. eða lægri	16%	8%
301–500 þ.	24%	13%
501–700 þ.	38%	11%
701–1.100 þ.	24%	12%
Hærri en 1,1 m. kr	22%	0%
<i>Heimilistekjur eftir skatt</i>	*	
300 þ. kr. eða lægri	19%	19%
301–500 þ. kr.	22%	15%
501–700 þ. kr.	31%	14%
701–1.100 þ. kr.	36%	8%
Hærri en 1,1 m. kr.	23%	9%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs. Hægt var að merkja við fleiri en eitt atriði

Meðal fólks með 75–100% örorku hafa 28% frestað því að fara til læknis vegna þess að þau fengu ekki tíma nægilega fljótt á meðan 38% fólks með 25–74% örorku hafa frestað læknisför af sömu ástæðu en hlutfallið er enn hærra, eða 42%, meðal fólks sem ekki hefur örorku.

Ekki var marktækur munur á hlutfalli þeirra sem töldu að ferð til læknis myndi ekki gera mikið gagn eftir því hvort fólk hefur örorku eða ekki.

Tafla 24. Hver var ástæða þess að þú hættir við eða frestaðir því að fara til læknis? Framhald.

	Ég gat ekki fengið tíma hjá læknum nægilega fljótt	Ég taldi að ferð til læknis myndi ekki gera mikið gagn	Annað
<i>Heild</i>	40%	28%	24%
<i>Kyn</i>	**	***	***
Karlar	34%	22%	29%
Konur	45%	33%	19%
<i>Aldur</i>	**	***	
18–30 ára	50%	43%	18%
31–45 ára	33%	25%	27%
46–60 ára	44%	28%	20%
61 árs og eldri	38%	17%	28%
<i>Búseta</i>	***	***	
Höfuðborgarsvæði	45%	22%	25%
Landsbyggð	31%	39%	21%
<i>Menntun</i>			**
Grunnskólanám	35%	27%	33%
Verklegt framhaldsskólanám	37%	26%	19%
Bóklegt framhaldsskólanám	40%	36%	21%
Háskólanám	43%	26%	20%
<i>Örorka</i>	*		*
Nei	42%	28%	21%
Já, 25% til 74%	38%	22%	21%
Já, 75% til 100%	28%	31%	33%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt</i>	**	***	
300 þ. eða lægri	43%	44%	16%
301–500 þ.	38%	33%	23%
501–700 þ.	31%	17%	25%
701–1.100 þ.	58%	18%	21%
Hærri en 1,1 m. kr	37%	28%	39%
<i>Heimilistekjur eftir skatt</i>	*	**	**
300 þ. kr. eða lægri	37%	35%	33%
301–500 þ. kr.	32%	40%	22%
501–700 þ. kr.	34%	28%	14%
701–1.100 þ. kr.	39%	27%	25%
Hærri en 1,1 m. kr.	49%	20%	29%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. ^{ög} merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs. Hægt var að merkja við fleiri en eitt atriði


Um það bil einn af hverjum sjö hefur fengið lyfi ávísað á sig á síðastliðnum sex mánuðum en ekki leyst út lyfið. Mun lægra hlutfall fólks sem ekki hefur örorku (12%) en fólks með 25–74% örorku (23%) og fólks með 75–100% örorku (27%) hefur fengið ávísað á sig lyfi á síðustu sex mánuðum en ekki leyst út lyfið. Eftir því sem einstaklingstekjur fara lækkanði eykst hlutfall fólks sem leysir ekki út lyf.

Tafla 25. Hefur þú fengið lyfi ávísað á þig í apóteki einhvern tíma á síðastliðnum 6 mánuðum, en ekki leyst út lyfið?

	Já	Nei	Fjöldi	Já
<i>Heild</i>	14%	86%	3.484	■ 14%
<i>Kyn***</i>				
Karlar	12%	88%	1.708	■ 12%
Konur	17%	83%	1.773	■ 17%
<i>Aldur***</i>				
18–30 ára	14%	86%	540	■ 14%
31–45 ára	19%	81%	1.097	■ 19%
46–60 ára	14%	86%	853	■ 14%
61 árs og eldri	9%	91%	994	■ 9%
<i>Búseta*</i>				
Höfuðborgarsvæði	15%	85%	2.210	■ 15%
Landsbyggð	12%	88%	1.273	■ 12%
<i>Menntun*</i>				
Grunnskólanám	14%	86%	732	■ 14%
Verklegt framhaldsskólanám	13%	87%	721	■ 13%
Bóklegt framhaldsskólanám	12%	88%	542	■ 12%
Háskólanám	17%	83%	1.334	■ 17%
<i>Örorka***</i>				
Nei	12%	88%	2.752	■ 12%
Já, 25% til 74%	23%	77%	230	■ 23%
Já, 75% til 100%	27%	73%	379	■ 27%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt</i>				
300 þ. eða lægri	16%	84%	378	■ 16%
301–500 þ.	15%	85%	1.010	■ 15%
501–700 þ.	14%	86%	792	■ 14%
701–1.100 þ.	14%	86%	488	■ 14%
Hærri en 1,1 m. kr	10%	90%	120	■ 10%
<i>Heimilistekjur eftir skatt</i>				
300 þ. kr. eða lægri	15%	85%	199	■ 15%
301–500 þ. kr.	18%	82%	537	■ 18%
501–700 þ. kr.	15%	85%	515	■ 15%
701–1.100 þ. kr.	12%	88%	749	■ 12%
Hærri en 1,1 m. kr.	15%	85%	878	■ 15%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. ^{óg} merkir að gögnin hafi ekki uppfyllt forsendur marktæktarprófs um lágmarksfjölda.

Á mynd 3 má sjá að yfir helmingur þeirra sem sækja ekki lyfin sín, eða 55,1%, gera það ekki vegna þess að þau töldu að lyfin myndu ekki gera mikið gagn. Þá þótti tveimur af hverjum fimm lyfið of dýrt til þess að sækja það.



Mynd 3. Hver var ástæða þess að þú leystir ekki út lyfið?

Um helmingur fólks með 25–74% örorku sem ekki hafði leyst út lyf nefndi kostnað sem ástæðu þess. Þetta er töluvert hærra hlutfall en meðal þeirra sem eru með 75–100% örorku (22%) og þeim sem ekki hafa örorku (15%) (sjá töflu 26).

Of fáir sögðu að ástæða þess að þau leystu ekki út lyf hafi verið vegna erfiðleika við að komast í apótek vegna annarra verkefna, til þess að hægt væri að greina eftir hópum (sjá töflu 26).

Tafla 26. Hver var ástæða þess að þú leystir ekki út lyfið? Framhald á næstu síðum.

	Kostnaður (of dýrt fyrir mig að fá/sækja lyfið)	Ég átti erfitt með að komast í apótekið vegna annarra verkefna
<i>Heild</i>	20%	3%
<i>Kyn</i>		**
Karlar	21%	6%
Konur	19%	1%
<i>Aldur</i>		óg
18–30 ára	21%	0%
31–45 ára	18%	2%
46–60 ára	24%	5%
61 árs og eldri	14%	6%
<i>Búseta</i>		óg
Höfuðborgarsvæði	20%	4%
Landsbyggð	20%	1%
<i>Menntun</i>	*	óg
Grunnskólanám	30%	3%
Verklegt framhaldsskólanám	15%	4%
Bóklegt framhaldsskólanám	22%	4%
Háskólanám	17%	3%
<i>Örorka</i>	***	óg
Nei	15%	4%
Já, 25% til 74%	49%	1%
Já, 75% til 100%	22%	2%
<i>Einstaklingstekjur eftir skatt</i>	óg	óg
300 þ. eða lægri	30%	0%
301–500 þ.	32%	2%
501–700 þ.	16%	4%
701–1.100 þ.	10%	6%
Hærri en 1,1 m. kr	0%	26%
<i>Heimilistekjur eftir skatt</i>	***	óg
300 þ. kr. eða lægri	50%	0%
301–500 þ. kr.	46%	2%
501–700 þ. kr.	11%	6%
701–1.100 þ. kr.	17%	3%
Hærri en 1,1 m. kr.	6%	4%

Marktækur munur er á hópum: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs. Hægt var að merkja við fleiri en eitt atriði

Ekki var marktækur munur á því hvort fólk sem ekki leysti út lyfin sín, gerði það vegna þess vegna þess að það taldi að þau myndu ekki gera mikið gagn, eftir því hvort fólk væru með örorku eða ekki (sjá töflu 27).

Of fáir sögðu að ástæða þess að þau leystu ekki út lyf hafi verið vegna erfiðleika við að komast í apótek vegna þess að ferð í apótekið tæki of langan tíma, til þess að hægt væri að greina eftir hópum.

Tafla 27. Hver var ástæða þess að þú leystir ekki út lyfið? Framhald.

	Ferð í apótekið tók of langan tíma	Ég taldi að lyfið myndi ekki gera mikið gagn og sleppti því að sækja lyfið
<i>Heild</i>	1%	55%
<i>Kyn</i>	óg	
Karlar	1%	52%
Konur	0%	57%
<i>Aldur</i>	óg	*
18–30 ára	0%	67%
31–45 ára	0%	57%
46–60 ára	1%	48%
61 árs og eldri	4%	49%
<i>Búseta</i>	óg	
Höfuðborgarsvæði	1%	55%
Landsbyggð	0%	55%
